

Alþingi
Erindi nr. P 135 / 1329
komudagur 5.2.2008

Ríkissaksóknari

Reykjavík 5. febrúar 2008.

Nefndasviðs Alþingis
Austurstræti 10
150 Reykjavík

Allsherjarnefnd Alþingis hefur óskað umsagnar ríkissaksóknara um frumvarp til laga um nálgunarbann, 294. mál. heildarlög. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að dómari úrskurði um kröfu lögreglu um nálgunarbann. Við vinnslu frumvarpsins hjá réttarfarsnefnd gerði fyrrverandi ríkissaksóknari skriflega grein fyrir skoðunum embættisins með bréfi dags. 28. júlí 2006. Þar var m.a. bent á að bæði í Svíþjóð og Noregi er það ákærvaldið/ákærandi sem ákveður og mælir fyrir um nálgunarbann á fyrsta stigi. Í Svíþjóð er ákvörðunin lögð fyrir dómstól ef sá sem sætir nálgunarbanni eða sá sem það á að verja óskar þess. Í Noregi er ákvörðunin ávallt lögð fyrir dómstól að jafnaði innan fimm daga.

Vitað er að nauðsyn nálgunarbanns getur verið brýn og sér í lagi eftir að sá sem krafan beinist að fær vitnesku um hana. Því er ástæða til að ítreka þessi sjónarmið þáverandi ríkissaksóknara.

Gerð er sú athugasemd við frumvarpið, eins og það liggur fyrir, að eðlilegra væri að í 2. gr. væri talað um lögreglustjóra í stað lögreglu enda eðlilegt að þeir sem handhafar ákærvalds komi fram með kröfu um nálgunarbann en ekki einstaka lögreglumenn.

Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við frumvarpið

Virðingarfyllt

